

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2025

Óskað er eftir tilnefningum til mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar 2025. Tilnefna má einstaklinga, hópa, félagasamtök eða stofnanir sem á eftirtektarverðan hátt hafa staðið vörð um mannréttindi.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skulu berast á netfangið mannrettindi@reykjavik.is

Frestur til að skila tilnefningum er til 30. apríl 2025.

Handhafi mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar hlýtur að launum kr. 600.000,-

Verðlaunin verða afhent í Höfða af borgarstjóra Reykjavíkur þann 16. maí á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar.

Markmið mannréttindaverðlaunanna er að vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og mikilvægi samfélags þar sem mannréttindi eru virt.

Valnefnd til verðlaunanna er skipuð af mannréttindaráði Reykjavíkurborgar til eins árs í senn. Hana skipa þrír einstaklingar sem hafa haft aðkomu að jafnréttis- og mannréttindamálum í sínum störfum.

Upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/mannrettindaverdlaun-reykjavikurborgar>

Áður hafa hlutið mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar:

Alþjóðahús 2008

Rauði Kross Íslands 2009

Blátt áfram 2010

Hinsegin dagar 2011

List án landamæra 2012

Kvennaathvarfið 2013

Geðhjálp 2014

Frú Ragnheiður 2015

Þórunn Ólafsdóttir 2016

Með okkar augum 2017

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi W.O.M.E.N. á Íslandi 2018

Móðurmál Samtök um tvítyngi 2019

Solaris hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi 2020

Rótin félag um konur, áföll og vímugjafa 2021

Pepp Ísland, grásrótt fólks í fátækt 2022

Trans Ísland 2023

Þórey Einarsdóttir 2024